

Nr. 144 / 13 Slöngubátur**Bátsverji fellur fyrir borð**

Skipaskr.nr. Óskráður
Smíðaður: Þýskalandi, gúmmí dúkur
Mesta lengd: 5,80 m
Vél: Yamaha utanborðsvél 30 kW
Fjöldi skipverja: 1

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 12. september 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 8 september 2013 var slöngubátur á siglingu á Jökulsárlóni. Veður: S 3-5 m/sek

Bátsverjinn var að kanna leið fyrir farþegabát inn um ísinn og þegar ekki var þörf fyrir frekari leiðsögn sneri hann frá en þá féll bátsverjinn aftur fyrir bátinn og í lónið. Hann reyndi að synda á eftir bátnum sem sigldi í burtu. Þegar bátsverjinn sá að hann næði ekki bátnum sneri hann við og synti í átt að farþegabátnum. Farþegi sá manninn í vatninu og lét skipstjóra vita og var hann fljótlega dreginn um borð.

Við rannsókn kom fram:

- að bátsverjinn stóð uppréttur, án stuðnings, í skut slöngubátsins og hélt um stýrissveifina þegar hann beygði í kröppum boga frá farþegabátnum og jók samhliða ferðina;
- að hann sagðist hafa ætlað að færa annan fótinn aftar til að ná jafnvægi en hann hafi staðið það aftarlega að fóturinn nam við skutgaflinn;
- að stýrissveifin var af hefðbundinni gerð 60 sm löng og því erfitt að standa frammar í bátnum öðruvísi en hálf boginn. Hún leikur í liðamótum við mótórin og veitir því lítinn stuðning og er með inngjöf í handfanginu. Inngjöf getur breyst ef viðkomandi beygir þó svo hann ætli ekki að breyta hraða;
- að bátsverjinn hafði engan stuðning eða handfestu þar sem hann stóð í bátnum en hann sagðist núna hafa útbúið sér band sem bundið er frammar í aðra blöðruna og gæti hann því hangið í því sér til stuðnings;
- að bátsverjinn notaði ekki öryggislínuna (ádreparalína) á vélinni.

Nefndarálit:

Nefndin telur að bátnum hafi verið beitt ranglega sem og að ámælisvert hafi verið af stjórnanda að festa ekki öryggislínuna við sig.